



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR
um skyldur styrkþega
rannsóknastyrkja og þjónustu við þá,
sbr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Bls.: 1 af 2

Ábm. HJ/JBJ
Samb. í háskólaráði
8. desember 2016
Málsnúmer: HÍ16120105

1. Ábyrgð og eftirfylgni

Fjármálasviði og vísinda- og nýsköpunarsviði er sameiginlega falin ábyrgð á og umboð til að framfylgja reglum háskólans um móttöku, meðferð, umsýslu og uppgjör styrkja, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Vísinda- og nýsköpunarsviði er falin ábyrgð á og umboð til eftirlits með erlendum rannsóknarverkefnum og að farið sé að reglum styrkveitanda.

Skilgreindur skal þverfaglegur hópur undir stjórn vísinda- og nýsköpunarsviðs, sem í verði starfsfólk fræðasviða og sameiginlegrar stjórnsýslu. Hlutverk hópsins er að tryggja flæði upplýsinga um reglur og skyldur sem fram koma í samningum um styrki.

2. Verkaskipting

Verkaskipting á milli fjármálasviðs, vísinda- og nýsköpunarsviðs, rannsóknastjóra fræðasviða og skrifstofa fræðasviða (heimasviða) er skilgreind þannig:

- Fela skal rannsóknastjórum á fræðasviðum umboð til að skrifa undir viljayfirlýsingar um þátttöku í rannsóknum (*letter of commitment*) og styrkumsóknir, enda mikilvægt að fræðasviðin hafi góða yfirsýn um þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum og þátttöku einstakra starfsmanna í slíkum verkefnum.
- Rannsóknastjórar á fræðasviðum skulu halda skrá um umsóknir og samninga á sínu fræðasviði og miðla þeim upplýsingum til vísinda- og nýsköpunarsviðs.
- Vísinda- og nýsköpunarsvið skal hafa heildaryfirlit um umsóknir og styrksamninga sem gerðir eru við Háskóla Íslands.
- Vísinda- og nýsköpunarsvið sinnir eftirliti með rekstri og uppgjöri erlendra rannsóknarverkefna og framvindu þeirra eftir því sem kveðið er á um í samningi.
- Þjónusta við verkefni sem fengið hefur styrk skal vera á fræðasviði (heimasviði) viðkomandi verkefnis. Þjónustan felur í sér fjárhagslegt utanumhald og eftirfylgni verkþátta.
- Fjárhagslegt uppgjör styrkja skal vera á heimasviði í samræmi við ákvæði samnings og gildandi bókhalds- og verklagsreglur fjármálasviðs háskólans, í samráði við vísinda- og nýsköpunarsvið. Hafa skal samráð við launadeild við uppgjör launakostnaðar.
- Heimasvið ber ábyrgð á skjölun gagna og vísinda- og nýsköpunarsvið gengur úr skugga um að skjölun gagna sé fullnægjandi.
- Heimasvið ber ábyrgð á að skila uppgjörum og skýrslum til vísinda- og nýsköpunarsviðs og fjármálastjóra til yfirferðar og samþykktar ekki síðar en tveimur vikum fyrir skilafrest til styrkveitanda.
- Vísinda- og nýsköpunarsvið veitir fjármálasviði og rannsóknastjórum aðstoð og ráð er varðar erlenda rannsóknastyrki og skuldbindingar háskólans þeim samfara.
- Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, til vara staðgengill sviðsstjóra, skuldbindur háskólann með undirritun sinni þegar kemur að erlendum rannsóknasamningum.
- Fjármálastjóri háskólans, til vara framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, skuldbindur háskólann með undirritun sinni þegar kemur að uppgjörum styrksamninga, þegar vísinda- og nýsköpunarsvið hefur samþykkt samning eða uppgjör.
- Fjármálastjóri háskólans hefur heimild til að hafna uppgjörum ef undirliggjandi gögn eru ekki fullnægjandi.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR
um skyldur styrkþega
rannsóknastyrkja og þjónustu við þá,
sbr. 2. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Bls.: 2 af 2

Ábm. HJ/JBJ
Samb. í háskólaráði
8. desember 2016
Málsnúmer: HÍ16120105

- Vísinda- og nýsköpunarsvið gefur út samræmd viðmið um útreikning launa akademískra starfsmanna svo og gátlista yfir þau atriði sem hafa þarf í huga við verkefnastjórnun erlendra styrkja.
- Vísinda- og nýsköpunarsvið ber ábyrgð á samhæfingu viðbragða vegna endurskoðana á vegum styrkveitenda, ásamt miðlægri ábyrgð á endurskoðunum og samskiptum við endurskoðendur.